

Umhverfisstofnun
Áb. ABB GSA SI SAJ
20. ágú. 2018
08.14.01
Tilv. UST 201807-212



Bolungarvíkurkaupsstaður
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁDUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 16. ágúst 2018
Tilv.: UMH18070082/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis Bolungarvíkurkaupsstaðar, dags. 15. júlí 2018, sem barst ráðuneytinu í tölvupósti hinn 31. júlí 2018. Í erindinu er óskað eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað óvirks úrgangs í landi Hóls í Bolungarvík, en starfsleyfið rann út 1. júní 2018. Í umsókninni kemur fram að vinna við starfsleyfi sé í gangi og óljóst hvenær það verði gefið út.

Samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar 31. júlí sl. með afriti á Heilbrigðisnefnd Vestfjarða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 15. ágúst 2018 kemur fram að Bolungarvíkurkaupsstaður hafi sótt um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í fyrra og skilað inn helstu gögnum. Vinnsla starfsleyfis sé í gangi. Stofnunin geri ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága verði veitt.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar, í ljósi þess að unnið er að nýju starfsleyfi og í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, fellst ráðuneytið á að veita Bolungarvíkurkaupsstað tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað óvirks úrgangs í landi Hóls í Bolungarvík.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Bolungarvíkurkaupsstaður skal eftir því sem við á starfa samkvæmt fyrra starfsleyfi; starfsleyfi fyrir urðun á óvirkum úrgangi í landi Hóls í Bolungarvík sem gefið var út af Umhverfisstofnun 15. maí 2006.
2. Bolungarvíkurkaupsstaður skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem við eiga um rekstur urðunarstaðarins.
3. Framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
4. Bolungarvíkurkaupsstaður skal tryggja að sem minnst af úrgangi verði urðað á svæðinu með því að vinna að úrgangsförvörnum og tryggja að endurvinnanlegum úrgangi verði komið til endurnýtingar.


Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. júlí 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Vestfjarða